Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. júní 2024

Tilvísun: 202405096 / 3.9

Efni: Ný landsskipulagsstefna samþykkt á Alþingi

Skipulagsstofnun vill vekja athygli á því að Alþingi samþykkti þann 16. maí, þingsályktunum landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 ásamt nefndaráliti með breytingartillögum.

Er þetta í annað sinn sem landsskipulagsstefna er samþykkt en hún leysir af hólmi Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem tók gildi árið 2016, þá fyrsta heildstæða stefna um skipulagsmál á landsvísu.

Uppbygging stefnunnar

Breyting hefur verið gerð á framsetningu þingsályktunarinnar frá því sem var. Í nýsamþykktri þingsályktun um landsskipulagsstefnu eru sett fram þrjú markmið stjórnvalda í skipulagsmálum, sem byggja á þremur stoðum sjálfbærrar þróunar:

A. Markmið um vernd umhverfis og náttúru,

B. Markmið um velsæld samfélags og

C. Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf.

Undir hverju markmiði eru settar fram áherslur ásamt tilmælum um framfylgd þeirra fyrir skipulagsgerð á miðhálendi (M), í dreifbýli (D), í þéttbýli (Þ) og á haf- og strandsvæðum (H).

Áherslurnar sem settar eru fram byggja á þeim lykilviðfangsefnum sem innviðaráðherra lagði til grundvallar við mótun stefnunnar. Eru þær settar fram til að takast á við þær áskoranir sem við blasa á sviði skipulagsmála. Lykilviðfangsefni þingsályktunar um landsskipulagsstefnu eru eftirfarandi:

Viðbrögðum við loftslagsbreytingum.
Jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og lífsgæða í byggðu umhverfi.
Uppbyggingu þjóðhagslega mikilvægra innviða.
Landnotkun í dreifbýli.
Landnotkun á miðhálendi Íslands.
Orkuskiptum í samgöngum og fjölbreyttum ferðamáta.
Skipulagi haf- og strandsvæða.
Skipulagi vindorku.
Vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 21.10.2026

Framfylgd stefnunnar

Landsskipulagsstefnu er fyrst og fremst framfylgt með skipulagsgerð sveitarfélaga, sem skulu samkvæmt skipulagslögum byggja á stefnunni við gerð skipulagsáætlana. Ný stefna hefur þegar tekið gildi og þarf því að taka mið af henni héðan í frá við vinnslu skipulagsáætlana.

Landsskipulagsstefna 2024-2038 byggir að mörgu leiti á eldir stefnu en einnig á þeirri vinnu sem fram fór við mótun viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem lögð var fram á alþingi árið 2021 en náði ekki fram að ganga. Sem dæmi má nefna að stefna um uppbyggingu ferðamannaaðstöðu og samgöngukerfisins miðhálendinu sem sett var fram í eldri landsskipulagsstefnu heldur sér að mestu í nýrri stefnu. Þá eru settar fram nýjar áherslur er varða loftslagsmál en sett eru fram áherslur um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, stuðla að bindinu þeirra og vinna að aðlögun að loftslagsbreytingum.

Í nýrri stefnu er sett fram aðgerðaráætlun til fimm ára þar sem lagðar eru fram 20 aðgerðir sem tengdar eru áherslum stefnunnar og er ætlað að ná fram markmiðum hennar. Aðgerðirnar miða einkum að því að gera skipulagsgerð sveitarfélaga skilvirkari með bættu aðgengi að grunngögnum og leiðbeiningum, tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana sveitarfélaga og stuðla að sjálfbærri þróun þar sem tekið er mið af mögulegum áhrifum loftslagsbreytinga á samfélög og innviði.

Skipulagsstofnun vinnur nú að útgáfu stefnunnar á aðgengilegu formi sem ætlað er að nýtast sveitarfélögum, ráðgjöfum og öðrum þeim sem koma að skipulagsgerð.

Ester Anna Ármannsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 21.10 2026

Rafræn skilríki

Skipulagsstofnun

Ester Anna Ármannsd.

Ester Anna Ármannsdóttir
Sviðsstjóri, svið stefnumótunar og miðlunar

Undirritað með OneSign

Skjal sótt af '0000000000' dags: 21.10 2026